

Mál nr. 303/2019**M og
V vegna ábyrgðartryggingar í húseigendatryggingu A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem varð þegar M féll niður tröppur.****Gögn.**

Málskot mótttekið 10.09.2019 ásamt fylgiskjölum 1-18.

Bréf V dags. 26.09.2019 ásamt fylgigögnum 1-2.

Málsatvik.

Að kvöldi hins 17. nóvember 2018, eftir að hafa snætt kvöldverð á veitingahúsi, féll M í tröppum sem lágu frá veitingastaðnum, datt fram fyrir sig á gangstéttina og slasaðist alvarlega. Í málskoti telur M sig eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu húseigendatryggingar A þar eð stiginn hafi verið vanbúinn og lýsingu við hann ábótavant. Hafi M því ekki séð þegar hann steig á brotið þrep með þeim afleiðingum að hann féll fram fyrir sig. Þá vísar M til þess að vitni telji víst að hann hafi fallið í næstneðsta þrepi stigans, en það sé einmitt hið brotna þrep. Ónákvæmar lýsingar sem upphaflega lágu fyrir á tildrögum slyssins, þegar vitni hafi verið í uppnámi, hafi ekkert vægi í þessu sambandi. Neðst í stiganum hafi lýsingu verið ábótavant og því ómögulegt að sjá brotið og ekkert handrið til að styðjast við neðst í stiganum. M byggir á því að stiginn hafi verið í óforsvaranlegu ástandi og hafi ekki átt að veita umferð um hann. Þá bendi ekkert til eigin sakar M enda sé umræddur vanbúnaður eina orsök slyssins. Máli sínu til stuðnings vísar M til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og dómaframkvæmdar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V í fyrsta lagi til þess að misræmi sé í málavaxtalýsingum varðandi það hvort M hafi fallið efst í stiganum eða í næstneðsta þrepi hans. Þannig beri samtímalæknagögn það með sér að M hafi fallið efst í stiganum og dottið niður tíu tröppur. Í afstöðubeiðni lögmanns M til V, og síðar fengnum yfirlýsingum vitna, komi hins vegar fram að M hafi fallið vegna brots í næstneðstu tröppu. Telur V ekkert skýra þetta misræmi og að miða beri við upphaflega málavaxtalýsingu. Á grundvelli hennar telur V ekkert benda til þess að slys M sé að rekja til vanbúnaðar á stiganum, enda góð lýsing efst í honum og hvergi brotið úr efri þrepum hans. Þá sé ljóst að handrið sé meðfram stiganum frá efsta þrepi hans. Verði hins vegar byggt á hinni síðar til komnu málsatvicalýsingu er það jafnframt afstaða félagsins að ekki sé sýnt fram á að slys M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem A verði látið bera skaðabótaábyrgð á, heldur megi rekja slysið til eigin aðgæsluleysis M eða óhappatilviks sem engum verði kennt um. Þannig er ekki fallist á að lýsingu við næstneðsta þrep stigans hafi verið ábótavant, enda ljósastaur nálægt því auk þess sem ljósaskilti sé fest á vegginn við þrepið. Þá verði ekki séð hvernig hið litla brot sem hafi verið til staðar utarlega á næstneðsta þrepi stigans hafi eitt og sér getað orsakað slys M, enda hafi M þurft að stíga mjög utarlega á þrepið svo að þetta brot hefði áhrif á jafnvægi hans. Víðs vegar um bæinn sé svo að finna sams konar brot úr tröppum eða kantsteinum og gera verði eðlilegar kröfur til aðgæslu vegfarenda. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit.

Svo bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar þarf sá sem fyrir tjóni verður að sýna fram á að tjónatvik megi rekja til skaðabótaskyldra athafna, eða athafnaleysis, váttryggðs. Meðal gagna málsins eru myndir af umræddum stiga. Má greina af þeim að handrið sé öðrum megin við þrepin, allt að næstneðsta þrepi. Þá má jafnframt sjá að brotið er úr kanti næstneðsta þrepsins. Verður þó ekki séð hvernig það brot getur, eitt og sér, hafa orsakað fall M, hafi hann að öðru leyti farið með gát um stigann, enda hefði hann þá þurft að stíga mjög framarlega á umrætt þrep, en ekki verður séð að sprungur á þrepinu hafi verið þess eðlis að hætta væri á falli um þær. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að umræddur stigi brjóti í bága við fyrirmæli byggingarreglugerðar eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnvel þótt fallist yrði á að M hafi fallið í næstneðsta þrepi stigans, en ekki ofar í honum, verður því

ekki talið sýnt fram á að slys hans megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. Er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðarlið húseigendatryggingar A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2019.

Valgeir Pálsson, lögm.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.